


Leikskólinn Lyngheimar

2021-2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit.

1. Leiðarljós leikskólans.
2. Greinagerð leikskólastjóra.
3. Innra og ytra mat leikskólans 2020-2021
4. Innra mat deilda.
5. Innra mat-fjöltýngd börn
6. Starfspróunarsamtöl og fræðsla.
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og fríundamiðstöðva.
8. Foreldrasamvinna.
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.
10. Fylgiskjöl.
11. 10.1 Fylgiskjal 3 Umsögn foreldraráðs.

Leiðarljós Lyngheima.

Virðing: Að koma vel fram við aðra.

Umhyggja: Að snerta, hughreysta og hugga.

Tillitsemi: Að setja sig í spor annarra.

Greinagerð leikskólastjóra.

Haustönnin 2020-2021 byrjaði vel, leikskólinn var fullmanaður og starfsfólk kom til starfa eftir gott sumarleyfi. Í byrjun haustannar vorum við vongóð um að við værum laus við þær takmarkanir sem fylgdi Covid19, en svo varð ekki raunin.

Aðlögun nýrra barna byrjaði í lok ágúst og gekk hún að venju mjög vel.

Um miðjan september hófst vetrarstarfið, var ákveðið að halda áfram með þau markmið sem búið var að ákveða út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar, sjálfsefning, félagfærni og heilbrigði ásamt þverfaglegri samvinnu milli deilda.

Skipulagðar voru gönguferðir þar sem elstu börnin í húsinu fengu það hlutverk að aðstoða þau yngri, völdu þau sér yngri félaga sem þau síðan hjálpuðu í fataklefa við að klæða sig eftir veðri og voru þeirra göngufélagar á meðan gönguferð stóð. Í þessum ferðum var t.d. farið á bókasafn og týnt rusl úr nærumhverfi sem síðan var notað í listasmiðju og börnin fengu að gera listaverk úr því rusli sem safnaðist. Í þessum ferðum var einnig farið í að leita eftir því hvort vorið væri að koma, hvort grasið væri farið að grænka og trén að bruma.

Börnin höfðu búið sér til kikir sem þau fengu að taka með í þessar ferðir og í gegnum hann fylgdust þau með krumma ásamt fleiru sem þeim fannst spennandi.

Í nokkur ár höfum við verið með opið flæði milli deilda þar sem börnin hafa geta heimsótt aðrar deildir í húsinu og fundið sér verkefni til að vinna að, ásamt því að þau kynnast betur börnum hinna deildanna.

Í vetur gerðum við breytingu á opnu flæði. Ákveðið var þema fyrir hverja deild með mismunandi upplifanir á hverri deild. t.d. bauð ein deild uppá ljós og skugga, önnur með ævintýraupplifun þar sem lögð var áhersla á skynjun o.s.frv.

Ákveðið hefur verið að færa opið flæði út í vor og sumar, fyrst var unnið með laufblöð og dropa.

Mikið og gott samstarf hefur alltaf verið milli listgreinakennara og deilda, ákveðið var að vinna þverfaglegt verkefni þar sem allar deildir kæmu að verkefninu.

Lýngheimar er grænn skóli og vinnum við öll okkar verkefni úr endurunnu efni og eins höfum við fengið talsvert af efni gefins.

Verkefnið sem átti að fara í varð að vera úr endurvinnanlegu efni. Börnin völdu verkefnið „Okkar eigið jólatré“. Börn af öllum deildum tóku þátt, börnin geisluðu af gleði yfir jólatrénu sem þau bjuggu til sjálf. Þau sögðu við jólasveininn þegar hann mætti á jólaballið hefur þú séð „fallegasta jólatré í heimi“.

Verkefnastjóri skólahóps hefur verið að vinna með læsi/umhverfislæsi og höfum við sótt um styrk fyrir því verkefni sem við vonandi fáum.

Út frá þessu verkefni hefur Þjóðminjasafnið sóst eftir samstarfi við okkur í tengslum við Barnamenningahátíð á næsta ári. Höfum við ákveðið að fara í það samstarf.

Einnig hefur verið ákveðið að sækja um samstarf við Myndlistaskólann á næsta skólaári. Vonandi komumst við að þar.

Haldið var áfram með vináttuverkefnið Blær. Við fengum Blæ í heimsókn á afmælisdag Lýngheima í lok október á síðasta ári. Blær hafði reynt að koma í heimsókn allt það ár en ekki tekist vegna Covid. Einn kennari Lýngheima klæddi sig sem skuggavera bak við Blæ. Skugginn

kom á alla glugga og heimsótti allar deildar með Blæ. Blær færði hverju barni síðan litla Blæ. Mjög skemmtileg heimsókn og eftirminnileg fyrir börnin.

Á síðasta skólaári þurftum við að skipuleggja starfið í kringum hinar ýmsu takmarkanir. Við þurftum að hugsa út fyrir rammann. Gerð var t.d breyting á jólaballinu. Börnin hittu jólasveininn úti, jólatréð var fært út, jóli spilaði, söng og dansaði með börnunum úti. Börnin sem voru hrædd gátu verið uppí kastalanum og horft á úr fjarlægð. Síðan var jólatréð keyrt inn, fyrst dönsuðu yngri deildar, síðan eldri deildar. Ballið tókst mjög vel og ætlum við að hafa eins fyrirkomulag á næsta ári. Stundum er gott að fá ögrandi verkefni og finna lausnir út fyrir rammann.

Á næsta skólaári ætlum við að halda áfram að vinna með alla þætti menntastefnunnar og þróa áfram þau verkefni sem unnið var með á síðasta skólaári. Halda áfram að þróa þverfaglegt samstarf í húsinu, vinna að samstarfsverkefnum við Þjóðminjasafnið og vonandi Myndlistaskólann. Halda áfram að vera opnar fyrir nýjum hugmyndum og hugsa út fyrir rammann.

Við horfum til útiverkefna með tengingu við listasmiðju. Garðurinn á Lyngheimum verður lagaður í sumar. Gert verður útikennslusvæði sem spennandi verður að vinna með. Svo erum við á Lyngheimum svo heppin að hafa fjölbreyttan mannauð í húsi. Á Lyngheimum starfar kennari sem vinnur mikið með efnivið úr náttúrunni bæði inni og úti. Stefnan er að þróa áfram þá vinnu í samstarfi við listasmiðju og kennara allra deilda.

Kennarar Lyngheima hafa verið að leita leiða hvernig hægt er að auka samstarf milli heimilis og skóla og hvernig best er að tengja það samstarf við námsþætti menntastefnunnar að leiðarljósi.

Ein hugmynd var að tengja samstarfið við læsi og lestri bóka. Hugmyndin er að barnið fá með sér heim bókapoka með bók sem það hefur áhuga á. Foreldrar lesi bókina heima fyrir barnið og þegar barnið kemur aftur með bókina í skólann þá fái það tíma til að segja hinum börnunum söguna um hvað bókin fjallaði.

Þrátt fyrir hinar ýmsu takmarkanir síðasta skólaár var árið gott. Verkefnin voru fjölbreytt og mismunandi. Við fengum það verkefni að leysa undirbúning eflingarstarfsmanna allt að 2 tímum á viku og svo kom stytting vinnuvikunnar. Nóvember og desember snérist mikið um styttinguna, ekki voru allir starfsmenn sammála varðandi útfærslur og mismunandi rétt stéttafélaga varðandi styttinguna, en í lokin myndaðist góð sátt um málið.


Við á Lyngheimum ljúkum vorönninni ánægð með okkur og starfið. Lyngheimar var útnefndur Fyrirmyndarstarfsstaður SFS 2021, kom það okkur öllum mjög skemmtilega á óvart.

Frá Lyngheimum útskrifast flottur skólahópur sem tilbúin er að byrja í grunnskóla. Við útskrifum hópinn í byrjum júní. Þjóðum foreldrum á brúðusýningu sem börnin eru búin að vera að vinna að síðustu vikurnar. Útskriftin verður úti vonandi í sól og sumri, boðið verður uppá veitingar í lok útskriftar. Leikskólinn gefur börnunum litla furu plöntu. Börn og foreldrar eru beðin um að finna trénu stað og gróðursetja það saman. Þessi gjöf er framlag leiksskólans til að jafna kolefnissporin og efla samvinnu heimilis og skóla.

Börnin verða útskrifuð með orðunum „þessi litla planta færir okkur lengra líf á jörðinni“

Önninni ljúkum við síðan með uppskeruhátíð barnanna. Íþróttahátíð, sumarhátíð, sápuvátíð sýningu, börnin koma í búningum og grillaðar verða pylsur í hádeginu.

Gleðilegt sumar.



Innra og ytra mat leikskólans 2020-2021.

Innra mat.

Deildarstjóra allra deilda leikskólans sáu um að velja þátt sem skoðaður var í innra mati þetta vorið.

Skoðað var Faglegt starf innan leikskólans. Spurningar eru unnar uppúr Viðmið og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs.



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Faglegt starf innan leikskólans.	26 starfsmenn svöruðu X spurningum.	Starfsmenn leikskólans.	
Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í leikskólanum.		Starfsmenn leikskólans.	14 voru mjög sammála. 10 voru frekar sammála. 2 voru hvorki né. Styrkleikar: Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð á leikskólanum. Áskoranir: Að halda áfram lýðræðislegum vinnubrögðum í faglegu samstarfi leikskólans.
Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.		Starfsmenn leikskólans.	11 voru mjög sammála. 12 voru frekar sammála. 3 voru hvorki né. Styrkleikar: Stór hluti starfsmanna finnst samskiptin góð og traust ríki milli aðila. Áskorun: Að halda áfram að eiga góða og uppbyggileg samskipti og viðhalda trausti milli starfsmanna.
Nauðsynlegum upplýsingum er miðlað til starfsfólks.		Starfsmenn leikskólans.	11 voru mjög sammála. 15 voru frekar sammála. Styrkleikar: Upplýsingaflæði er gott. Áskoranir: Að finna leiðir til að allir upplifi að þeir fái mjög góðar upplýsingar varðandi faglega starfið sem þeir þurfa.

Niðurstöður innra mats eru mjög góðar og starfsmenn eru ánægðir með faglegt samstarf innan leikskólans.

Ytra mat.

Starfsmannakönnun var gerð á vegum SFS í mars á þessu ári. Starfsmenn svöruðu eftirfarandi þáttum. Hæfir og áhugasamir starfsmenn, árangursríkir stjórnunarhættir, starfsánægja og hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi. Yfir 50% starfsmanna svöruðu könnuninni og niðurstöðurnar skiluðu okkur útnefningu sem Fyrirmyndarstarfsstaður SFS 2021.

Meðalskor allra þátta var 4,49.

- Hæfir og áhugasamir starfsmenn 4,45.
- Árangurríkir stjórnunarhættir 4,47.
- Starfsánægja 4,52.
- Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi 4,50.




Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og áskorun)
	Viðhorfskönnun á vegum SFS	Yfir 50% starfsmanna leikskólans.	
Hæfir og áhugasamir starfsmenn.	Meðalskor 4,45	Starfsmenn og stjórnendur.	Styrkleikar. Vel menntaðir kennarar og starfsmenn með mikla reynslu. Áskorun. Að halda menntunarstígi og reynslu innan leikskólans.
Árangursríkir stjórnunarhættir	Meðalskor 4,47	Starfsmenn og stjórnendur.	Styrkleikar. Sterk stjórnun innan deilda og góð samvinna við yfirmann þar sem báðir aðilar styðja við hvort annað. Áskorun: Að allir stjórnendur vinni að sama markmiði og hafi sömu sýn varðandi stjórnunarhætti innan leikskólans.
Starfsánægja.	Meðalskor 4,52	Starfsmenn og stjórnendur.	Styrkleikar. Vel skipulagt fagstarf, skýr markmið, upplýsingaflæði gott. Áskorun: Að viðhalda starfsánægju
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi.	Meðalskor 4,50	Starfsmenn og stjórnendur.	Styrkleikar. Að hafa eitt af markmiðinum starfsumhverfið og hvernig best er að gera starfsumhverfið falllegt, hvetjandi og vinnuaðstæður starfsmanna og barna góðar. Áskoranir: Að passa að halda áfram að vinna að hvetjandi og jákvæðu umhverfi og skoða allar hugmyndir sem koma upp.

Niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra barna á Lyngheimum.


- Heildaránægja með leiksólann 4,51.
- Vingjarnlegt andrúmsloft 4,59.
- Skólanum er vel stjórnað 4,60.
- Tel barnið meitt vera öruggt í leikskólanum 4,58.

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
	<u>Viðhorfskönnun foreldra leikskólabarna á vegum Reykjavíkurborgar.</u>		
Heildaránægja með leiksólann	Meðalskor 4,51	Foreldrar	Meirihluti foreldra er ánægður með leikskólann.
Vingjarnlegt andrúmsloft.	Meðalskor 4,59	Foreldrar	Foreldra upplifa jákvætt og vinsamlegt andrúmsloft.
Skólanum er vel stjórnað.	Meðalskor 4,58	Foreldrar	Foreldrar eru ánægðir með hvernig leikskólanum er stjórnað.
Barninu líður vel í leikskólanum.	Meðalskor 4,60	Foreldrar	Foreldrar upplifa að barninu þeirra líði vel í leikskólanum.
Tel barnið meitt vera öruggt í leikskólanum.	Meðalskor 4,58	Foreldrar	Foreldrum eru öruggir með barnið/börnin sín á Lyngheimum.
<u>Þeir þættir sem leikskólinn þarf að setja í umbætur fyrir næsta skólaár.</u>			
Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum.	Meðalskor 3,30	Foreldrar	
Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barið mitt,	Meðalskor 3,73	Foreldrar	
Ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins míns.	Meðalskor 3,77	Foreldrar	
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins.	Meðalskor 3,73	Foreldrar	
Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu.	Meðalskor 3,61	Foreldrar	

Umbótaáætlun veturinn 2021-2022.

Umbótaþáttur/ Matsþáttur.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Stjórnun	Að styrkja faglega forustu og þróa metnaðarfullt leikskólastarft.	Styrkja samhljóm meðal kennara virkja þá til samstarfs. Að stefna leikskólans sé skír og allir stefni í sömu átt. Öflugt innra mat.	Stjórnendur	Strax	Aldrei	Öflugt innra mat, samtal við kennara, öflugt upplýsingaflæði	Að niðurstöður innramats og niðurstöður starfsmannakönnunar skori hátt
Uppeldis og menntastarf	Að efla en frekar þverfaglegt samstarf í skólanum.	Deildir, listgreinakennari og verkefnastóri læsis vinni saman. Dýpka ferlið í verkefnunum sem unnin eru. Börnin taka þátt í hugmyndavinnunni og framvindu verkefnisins.	Leikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar. Leikskólastjórinn gefi kennurum tíma og rými til að skipuleggja samstarfið. Frjálssar hendur að vinna verkefnin. Láta hugmyndirnar flæða.	Samstarf og hugmyndir. Vinnan byrjar að hausti og stendur allt skólaárið	Í raun líkur faglega samstarfi aldrei. En verkefnunum líkur þegar þau breytast í ný verkefni.	Gleðin í augum barnanna þegar samstarfsverkefninu var lokið. Börnin gerðu öll saman jólatré og skreyttu úr endurunni efni. Við kennaramir vissum að vel hefði tekist til þegar börnin sýndu jólasveininum fallegasta tré í heimi sögðu börnin svo stolt. Það þurfti ekki rýnihóp eða mælitæki börnin sögðu allt sem þurfti.	Stolt og glöð börn með jólatréð sem þau höfðu búið til og skreytt. Allt var unnið úr endurvinnanlegu efni
Mannauður/leikskólabragur.	Að efla þverfaglegt samstarf milli kennara og gefa þeim tækifæri að þróa hugmyndir sínar varðandi vinnu tengda stefnu leikskólans. Styrkja þá sem leiðtoga og faglega leiðtoga	Efla samstarf og umræður milli kennara. Styðja við hugmyndir, sína áhuga og vera sem stjórnandi tilbúin að vinna með kennurum að hugmyndum, verkefnum sem styðja við stefnu leikskólans	Leikskólastjóri og kennarar 	Verkefni er í gangi	Verkefni alltaf í gangi lýkur aldrei.	Samstarfsfundir kennara og stjórnenda. Farið yfir ferli verkefnis, hlutverk hvers og eins og hvernig faglegur stuðningur stjórnenda hefi gengið. Þverfaglegt samstarf kennara. Hugmyndaflæði skoðað	Verkefnið skoðað, út frá samstarfi, hugmyndaflæði, þátttöku kennara og gleði barnanna og flæði verkefnis

Leikskólabragur.	Viðhalda notalegu andrúmslofti, sýna samstarffélö gum virðingu og traust, jákvæður andi og gleð ríki	Stjórnumdur og kennarar séu góðar fyrirmyndir, hópefli, hrós. Efla samvinnu starfsmanna. Að allir starfsmenn eigi hlutdeild í verkefnum sem unnin eru á leikskólanum og hugmyndir allra séu ræddar	Stjórnumdur, allir kennarar leikskólans.	Alltaf verið að vinna með leikskólabrag.	Aldrei lokið.	Könnun meðal starfsmanna þar sem svaraðar eru spurningar varðandi leikskólabrag	Niðurstöður viðhorfskönnunar, foreldrakönnun, könnun sem gerð er innan leikskólans
Innra mat							
Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í leikskólanum.	Stuðla að lýðræðislegu m vinubrögðu m með opnum umræðum uppbyggilegum samskiptum við starfsmenn	Reglulegir fundir þar sem málin eru rædd, deila verkefnum og ábyrgð á verkefnum, vinnu í með börnunum	Stjórnumdur, deildastjórar.	Strax	Lýkur aldrei	Opnar umræður á fundum meðal starfsmanna. Könnun ,tillögur frá starfsmönnum	Jákvæð niðurstaða úr inna mati þátttaka starfsmann í að móta lýðræðisleg vinnubrögð á vinnustaðnum
Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.	Starfsmenn eru hvattir til að koma með hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd. Að starfsmenn hafi rödd innan og utan vinnustaðar	Hvetja starfsmenn til að þróa sig áfram í starfi. Vera virk í faglegri umræðu og hugmyndavinnu. Hvetja starfsmenn til að afla sér fræðslu utan leikskólans	Stjórnumdur ,deildastjórar	Strax	Lýkur aldrei	Opnar umræður og starfsmenn finni að þeim sé treyst og þeir hafi rödd. Niðurstöður úr inna mati	Að starfsmenn upplifi að þeir hafi rödd og tillögur þeirra séu metnar og komi til framkvæmda.
Nauðsynleg um upplýsingum er miðlað til starfsfólks	Passa að sofna ekki verðinum varðandi upplýsingaflæðið. Hvetja starfsmenn til að spyrja og afla sér upplýsinga af eigin frumkvæði	Hafa reglulega stutta upplýsingafundi (Örfundi), deildarstjórar hvetji starfsmenn til að lesa fundargerðir og fara vel yfir þær á deildafundum	Stjórnumdur, deildastjórar, starfsmennirnir sjálfir	Strax	Lýkur aldrei	Könnun meðal starfsmanna. Fá tillögur frá starfsmönnum hvað virkar	Jákvæð niðurstaða úr könnun varðandi upplýsingaflæði



Innra mat barnanna á Lyngheimum.


Breytingar á skipulagi innanhús og breytingar á garði Lyngheima.

- Hvernig finnst þér að hafa salinn þar sem listasmiðja var ?
- Hvernig finnst þér að hafa listasmiðju þar sem salurinn var ?
- Ert þú ánægð/ánægður með breytinguna á garðinum ?

Tíu börn svöruðu spurningunum. Aldur barnanna var 4 – 6 ára.

Hér koma svör barnanna við spurningunum.

- Börnin voru samála um að betra væri að vera í salnum núna, á gamla staðnum var alltaf einhverjir fullorðnir að ganga inná skrifstofu og trufla íþróttirnar. Einu barni fannst gamli staðurinn betri, þá gæti hann alltaf talað við leikskólastjórnann.
- Börnin voru sammála um að betra væri að hafa listasmiðju á nýja staðnum þar væri meiri vinnufriður og þau gætu verið þar allan daginn í friði.
- Börnin eru ánægð með nýja kastalann og bíða spennt eftir garðinum sem verið er að laga. Finnst gott að það er komin sér garður fyrir litlu krakkana þá gætu þau hjólað á blússandi ferð og litlu krakkarnir væru ekki fyrir því þau gætu meitt sig.




Innra mat sérkennslu.

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan er skipulögð með þarfir hvers og eins barns. Hvert barn er með sýna einstaklingsnámskrá sem unnin er upp úr AEPS listanum og er hún yfirfarinn mjög reglulega og þá gerðar endurbætur á henni ef þarf. Hvert barn er með sýna skráningarmöppu þar sem skráð er allt sem unnið er með barninu. Í þeirri möppu er afrit af einstaklingsnámskrá og er hún notuð þegar verið er að skipuleggja hvað þjálfun barnið þarf hverju sinni. Í leikskólanum er unnið með TRAS, og eru tras hópar á hverri deild. Haldið er utan um skráningu í þeim tímum á sérstak TRAS skráningar blað og þannig haldið utan um getu þeirra, framfarir og hvað þar að vinna meira með.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Við á Lyngheimum notum matsgögnin TRASH, AEPS, HLJÓM2 og orðalistann. Einnig notum við Íslenska þroskalistann og smábarnalistann þegar það á við. Notast er við AEPS listann þegar gerðar eru einstaklings námskrár, og eru þær yfirfarnar mjög reglulega eða eins oft og þarf.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Við vinnum með skipulagða kennslu og notumst bæði við keypt námsgögn og eins heimatilbúin TEACCH verkefni sem eru unnin út frá hverju og einu barni miðað við það hvað verið er að þjálf. Söfnum síðan gangabanka sem hægt er að ganga í fyrir þau börn sem þurfa.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022.

Umbótaþættir/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Auka skráningu	Að öll skráning verðið skipulagðari og aðgengileg	Með innleiðingu á aðferðum til skráningar	Sérkennslustjóri og sérkennarar.	Haustið 2021 Og verði komið í framkvæmd vorið 2022	Vorið 2022	Kynna sér hvernig aðrir leikskólar eru að skrá. Afla upplýsingar um skráningar og aðlaga það síðan hverju og einu barni	Endurmeta eftir einhvern vissan tíma og taka stöðuna á hvað gekk vel og hvað gekk ekki upp og vinna eftir því til að skráningin sé sem margtækust
Markvissari málörvunarhópar	Erum með málörvunarhópa bæði í tengslum við TRAS og með þeim börnum sem hafa komið illa út í mati. Myndi vilja gera málörvunarhópa þess hóps sem kom illa út úr mati öflugri og markvissari	Að vera með fastari tíma fyrir þá hópa, og fjölga þeim ef hægt er	Sérkennslustjóri og deildarstórar.	Haustið 2021 og komið til fullra framkvæmda um áramótin 2021-2022		Endurmeta jafnóðum miða við skráningu hjá hverju barni	
Að auka þekkingu sérkennara á skipulagðir kennslu (TEACCH)	Að auka þekkingu starfsfólks (sérkennara) á TEACCH)	Gera fleiri kennurum kleift að fara á námskeið í skipulagðri kennslu. TEACCH					

Innra mat deilda.

Greinagerð Klappavör veturinn 2020-2021, árgangar 2016 og 2015.

Á deildinni voru 23 börn, tveir árgangar börn fædd 2015 (skólahópur) og börn fædd 2016.

Fyrstu dagarnir á nýrri önn fór í að kynna hvort öðru, vinna traust barnanna og veita þeim öryggi í nýju umhverfi. Í sameiningu gerðum við deildina að stað þar sem þeim leið vel í og fundu sig örugg.

Sett var upp sjónrænt skipulag til að efla sjálfstæði og sjálfshjálp barnanna.

Unnið var með læsi og það gert sýnilegt á deildinni, stafir, tölustafir og fjölbreyttur efniviður var aðgengilegur börnunum.

Í nóvember 2020 var ákveðið að fara í eitt stórt samvinnuverkefni þar sem allar deildar tóku þátt, börnin ákváðu að búa til sitt eigið jólatré og var það gert úr verðlausum efnivið. Börnin hönnuðu og tóku þátt í verkefninu eins mikið og geta þeirra og aldur leyfði.

Í samverustundum með börnunum var áhersla lögð á virðingu, virka hlustun og að góð samskipti er grunnur að góðri líðan.

Unnið var markvist með fjölbreytileikann, að við erum öll mismunandi og það er í lagi að vera eins og maður er. Einnig var unnið með líkamsvitund, að gera barnið meðvitað um sjálft sig. Fjölbreytt málörvun var á deildinni, allar stundir sem gáfust voru notaðar s.s. með lestri, samræðum, söng, leikjum og í daglegum athöfnum (orð sett á athafnir) til að auka orðaforða og gera börnin öruggari að nota málið.


Alla önnina var lögð áhersla á að börnin hjálpuðu hvort öðru og sýndu hvort öðru virðingu og vináttu, vera dugleg að hrósa hvert öðru og hjálpast að við að finna lausnir á málum. Notaðar voru bæði félagsfræðisögur og efni tengt vináttu.

Í október 2020 urðum við á Lyngheimum vináttu leikskóli, stóri Blær kom í heimsókn og færði hverju og einu barni litla Blæ til eigna. Efniviður sem fylgdi vináttuverefninu var síðan notaður í samverustundum og farið yfir hvernig hægt er að bregðast við hinum ýmsu aðstæðum sem upp geta komið í samskiptum á milli bæði barna og fullorðinna.

Farið var í umræðu um matarsóun, og börnin lærðu að flokka rusl í réttar fötur. Föturnar voru merktar með bæði myndum og skrifuðu máli.

Farið var í gönguferðir og næsta nágrenni leikskólans skoðað. Einnig var farið í ferðir á bókasafnið þar sem börnin tóku þátt í sögustund og bækur voru skoðaðar og lesnar.

Myndir frá starfinu á Klappavör veturinn 2020-2021.






Umbótaáætlun Kappavör.

Umbótapáttur / Matspáttur.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsfelling/valdefling	Að auka sjálfstæði barnanna. Bera virðingu fyrir öðrum og læra að vera vinu. Að fara í ferðir/göngur börnin læra bera ábyrgð á sér og ferðafélaga sínum.	Samverustundir, í leik og samræður. Gönguferðir með yngri deildum, börnin aðstoða þau yngri.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Sept 2021	Apríl 2022	Örfundir, deildafundir Skipuleggja ferðir, ræða hugmyndir, fræðslufni.	Að börnin séu orðin sjálfstæðari. Að börnin vinni saman og beri virðingu fyrir hvert öðru.
Félagsfærni	Að börnin virði sjálfan sig og aðra, tillitsemi, samkennd. Að innleiða barnasáttmálan Blær vináttuverkefni þverfagleg samvinna. Fjölbreytileiki, traust.	Að vinna að verkefnum sem byggja á samvinnu. Félagsfærnisögur. Að vinna verkefni tengt barnasáttmálanum Að vinna að samvinnuverkefni heimilis og skóla.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildar.	Sept 2021	Apríl 2022	Deildafundir, skráning, vinnufundir með börnunum.	Að virðing, virk hlustun og viðurkenning verði viðurkenndur sem mikilvægur grunnur góðra samskipta Að börn og starfsfólk verði í stöðugri vinnu að þeim grunni.
Skráning	Ferilskráning um verkefni sem unnið er að. Að hvert barn eigi möppu með	Að kennari sé virkur í að taka myndir og skrá viðfangsefni og lærdóms ferli barnsins.	Deildarstjóri, verkefnastjóri.	Sept 2021	Apríl 2022	Deildafundir, örfundir, skráning í myndum og verkum barnanna.	Að ferilskráning verkefna sem unnið var að séu fullkláruð. Að

	verkum sínum úr leikskólanum						hvert barn eigi fullkláraða ferilmöppu í myndum í lok annar.
Sköpun	Þematengd verkefni þar sem unni verður með sköpun í formum, litablöndun, þrívídd og sjálfsmyndir .Myndlistaskóli.	Skipulagðar vinnustundir 1x viku í listasmiðjunni, oftast ef þess er þörf. Sótt var um myndlistaskólann.	Deildastjóri, verkefnastjóri sköpunar.	Sept 2021	Apríl 2022	Deildarstjóri og verkefnastjóri séu virkir í að taka myndir og skrá viðfangsefni og nám barnsins.	Að börn geti nýtt litablöndun til að búa til nýja liti. Að börnin njóti þess að skapa sín eigin verk.
Læsi	Vinna með bókstafi, heiti og hljóðvitund. Lestur bóka, hlustun, orðaforða, rím, samsetningu orða . Ritmál sýnilegt.	Samverustundir, söng, gönguferðum m frásögum barnanna, spil, sköpun	Deildastjóri Verkefnastjóri læsis og starfsmenn deildar.	Sept 2021	Mái 2022	Skráning Einstaklings námsskrá Skimun hljóðkerfisvitund.	Að skráning sýni að börnin hafi sýnt framvarir Að börnin sýni áhuga á vinnu með orð og stafi. Njóti þessa að hlusta, syngja og vinna með orð.
Heilbrigði	Kenna börnunum almennt hreinlæti, t.d handþvott. Mikilvæg i hvíldar, hreyfingar og mataræðis. Líkamsvitund.	Að kenna börnunum handþvott og mikilvægi þessa . Börnin búi til leiðbeiningar sjálf hvernig á að þvo sér um hendur. Gönguferðir þar sem við gerum æfingar í náttúrulegu umhverfi, hreyfing inni Líkamsvitund fræðsla, hlusta á líkamann t.d er ég svöng, þreytt.	Deildastjóri, Starfsmenn deildar.	Sept 2021	Vor 2022	Deildafundur Samverustundir	Að börnin hafi lært almennt hreinlæti og umhirðu.
Grænfáni	Að börnin læri að flokka. Beri virðingu fyrir umhverfi sínu/ Náttúrunni. Hvernig við getum endurnýtt efni við.	Að flokkun verði aðgengileg fyrir börnin. Að börnin læri hvernig við flokkum og af hverju. Matarsóun	Deildastjóri, Starfsmenn deildar,	Sept 2021	Vor 2022	Deildafundur Samverustundir Að við hultum á hvað börnin hafa að segja varðandi málefnið.	Að börnin kunni að flokka Að börnin viti hvað er matasóun og skamtíðar hærilega á diskinn. Að börnin sýni virðingu fyrir náttúrunni.



Greinagerð Fjósakletta veturinn 2020-2021, árgangar 2017 og 2016.

Börnin á Fjósaklettum voru 21 í haust og voru tveir árgangar, 5 börn fædd 2017 og 16 börn fædd 2016. Það byrjaði 1 barn í haust sem var að koma frá öðrum leikskóla og 1 barn byrjaði í vor, en annars voru börnin að byrja sitt annað ár á deildinni, eða að færast upp til okkar frá yngri deildum.

Það urðu tilfæringar á deildinni á skólaárinu þegar börn fluttu úr hverfinu og hættu á elstu deild leikskólans. Þá færðust 6 elstu börnin á Fjósaklettum upp um deild og fóru á Klapparvör og 5 börn af yngri deild komu á Fjósakletta. Þannig að börnin voru orðin 20 í lok skólaárs 2020 – 2021, 10 börn fædd 2016 og 10 börn fædd 2017. Börnin á deildinni þekktust vel, þau höfðu verið saman á yngri deildum fyrir utan 2 börn sem voru að flytja í hverfið.

Við höldum áfram að vera með sjónrænt skipulag. Á hverjum degi var eitt barn "veðurfræðingur og þjónn" og var farið eftir röð svo allir fengju tækifæri til að taka þátt. "Veðurfræðingur" tekur daginn, athugar hvernig veðrið er og hvernig væri best að klæða sig í útiveru. Síðan velur veðurfræðingurinn myndir upp úr tösku og festir á töflu. Myndirnar eru af veðurlýsingu og fatnaði sem lýsa veðrinu sem best og hjálpa börnunum að átta sig á hvernig væri best að klæða sig í útiveru. Þegar veðurlýsingum er lokið má veðurfræðingur vera fremstur í röðinni. Þar sem hefðbundið þjónustarfar varð að falla niður vegna C-19, þá höfðum við þann háttinn á í vetur að "veðurfræðingur dagsins" var einnig "þjónn". Í samveru í hádeginu fékk þjónninn að segja frá og festa upp myndir af því sem væri í hádegismat þann dag og fékk að "lesa" upp nöfn barnanna, eitt í einu og bjóða til borðs. Við byrjuðum á að merkja hverjir sátu á hvaða borði og skiptum svo reglulega. Við röðuðum myndum af börnunum með nafni undir og þannig gátu börnin "lesið" hverjum ætti að bjóða til sætis.


En nú eru börnin farin að hafa eitthvað um það að segja hvar þau sitja og velja sitt sæti sjálf. Vinir vilja sitja saman og því passa börnin upp á að ruglast ekki og við þurfum ekki að skipta eins oft um sæti. Skúffur voru merktar með nafni og mynd. Sætin við hádegisverðarborðið voru einnig merkt á sama hátt.

Við ætluðum að taka aftur þátt í samfélagsverkefninu "jól í skókassa" en það var því miður ekki hægt. Því var ákveðið að hafa samvinnuverkefni á milli allra deilda á leikskólanum í haust 2020. Það verkefni tókst frábærlega vel, bæði börn og starfsfólk naut þess að vinna saman að því að búa til jólatré úr verðlausum efniviði. Það tókst vel að vinna saman og var samvinnujólatréð notað í salnum og skreytt yfir jólahátíðina. Þannig að hefðbundna jólatréð var ekki tekið úr kassanum það árið. Á þrettándanum var farið út í garð með samvinnutréð og jólin kvödd með því að dansa í kringum það. Ánægjan var svo mikil með þetta verkefni að það var búið til vinatré á vorönn í samvinnu við kennara listasmiðju.

Guðrún Þorleksdóttir deildastjóri Fjósakletta.

Myndir frá starfinu á Fjósaklettum veturinn 2020-2021.





Umbótaáætlun Fjósakletta.

Umbótaþáttur/ matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun	Virkja sköpunar- kraft Vinna með fjölbreyttan efnivið og áhöld *Upplifa virðingu fyrir sínum verkum og annarra Tjá sig um verk sín og rifji upp ferlið	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstj. og starfsfólk deildar	Allt árið		Unnið markvisst við öll tækifæri inni og úti. Hlusta þegar hugmyndir kveikna og hjálpast að við að útfæra. Vinna í samvinnu við myndlist og aðrar deildar þegar við á. Gera skráningu bæði myndræna og skrá einnig hvernig hugmyndir kveikna og þróast. Á deildinni er frjálst aðgangur að ýmiskonar leikefni, búnaði, fjölbreyttum áhöldum og efnivið til skapandi vinnu. Þannig hafa börnin fengið tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína.	
Læsi	Heyri og sjái ritmálið í umhverfinu Hvetja til áhuga á bókstöfum og tölustöfum Bókahillur á deild Sjónrænt skipulag skúffur, hólfr og borð merkt með nafni og mynd	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstj. og starfsfólk deildar	Allt árið		Merkja allt á deildinni með heiti og mynd. Nýta bókahillur inn á deild, sem eru í þeirra hæð, með spennandi bókum og efni sem tengist verkefnum hverju sinni. Skipta reglulega um bækur. Tölustafir og bókstafir hafðir sýnilegir á veggjum, í spilum og leikföngum. Samverustundir og rólegar stundir verði nýttar í málörvun.	
Sjálfsþing	Efla sjálfsvitund Efla umhverfis- vitund Vinna með náttúruna	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstj. og starfsfólk deildar	Allt árið		Samverustundir Sendiferðir Veðurfræðingar Myndlist Útivera Hópastarfi	
Lýðræði og sjálfbærni Grænfána verkefni	Æfa sig í að beita lýðræðis- legum vinnu- brögðum Upplifa fjölbreytni náttúrunnar og íslenskrar veðráttu. Njóti umhverfisins og umgangist það af virðingu Upplifi sjálfbærni sem sjálfsagðan bátt í skólalastarfinu	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstj. og starfsfólk deildar	Allt árið		Jól í skókassa" unnið í samvinnu við heimili og skóla á haustönn. Í samverustundum er skipst á að tala fyrir framan hópinn og sýna öðrum virðingu með því að hlusta. Við ræðum um mikilvægi matarsóunar og flokunar.	

	Læri um matarsóun, flokkun og plokun					Útivera nýtt til að skoða náttúruna og nánasta umhverfi. Plokkstöng notuð í garðinum og gönguferðum. Börnin þurfa að taka ákvarðanir sem snerta allan hópinn og þurfa að geta fært rök fyrir ákvörðunum sínum.	
Árstíðirnar	Að þau læri um árstíðirnar þekki heiti daga og mánaða þekki veðurfarið eftir árstíðum Læri heiti og hugtök veðurs og fatnaðar eftir veðri	Unnið markvisst allan veturinn	Deildarstj. og starfsfólk deildar	Allt árið		Samverustundir Útivera Hópastarfræðingur tekur veðrið, segir hinum börnunum hvernig veður er úti og hvernig sé best að klæða sig í útiveru.	

Greinagerð Guddumói veturinn 2020-2021, árgangar 2018 og 2017.

Á deildinni voru 21 barn, tveir árgangar börn fædd 2017 og börn fædd 2018. Voru þau á aldrinum tveggja til þriggja ára.

Lögð var áhersla á sjálfshjálpi, að börnin næðu tökum á daglegum athöfnum og yrðu sjálfbær í að klæða sig sjálf fyrir útiveru, fara á salernið og í matartíma.

Lögð var áhersla á að efla félagslega þáttinn hjá börnunum, að þau lærðu að vera í hóp og vinna með öðrum jafnframt að fá að þroskast sem sjálfstæður einstaklingur.

Unnið var með:

Einingakubba: þar var verið að vinna með stærðfræði, málproska og rýmisgreind.

Yoga: þá var lögð áhersla á að börnin lærðu mikilvægi þess að geta slakað á, gert teygjur og farið í núvitund með góðri tónlist.

Í samverustund fengu börnin þjálfun í að segja frá, að hlusta á hvert annað og sýna hvort öðru virðingu.

Hreyfing var stór þáttur í vetrarstarfi deildarinnar, hver hópur fór einu sinni í viku og unnum við með leikum og lærum í gegnum hreyfingu í sal. Að þau í gegnum hreyfingu notuðu hin ýmsu skynfæri, var lögð áhersla á bókstafi, tölustafi og liti. Tókum við eftir því að með því að nota leikum og lærum með hinni ýmsu hreyfingu þá varð úthald og einbeiting barnanna betri og náðu að vera lengur í verkefni án þess að missa einbeitingu.

Auðvelt var að aðlagja kennslu að ólíkum þörfum og getu barnanna, vorum við ávallt með líkamlega, andlega og félagslega liðan barnanna að leiðarljósi.

Öll börn fengu útiveru á hverjum degi, var hópnum skipt um fyrir og eftir hádegis.

Í vetur tók leikskólinn inn vináttu verkefnið Blær. Kom stóri Blær í heimsókn og færði öllum börnum skólans litla Blæ til eigna.

Í október var farið í samvinnu verkefni með skólahóp, fengu börnin sinn félag úr skólahóp sem aðstoðaði við að klæða sig fyrir útiveru og fylgdi þeim í gönguferðir sem farnar voru um umhverfið kringum leikskólann. Markmiðið var að auka vináttu milli eldri og yngri deilda, að þau lærðu að vinna saman og þjálfast í samskiptum.

Seinni hluta vetrar fengu öll börnin að fara í sögustund á bókasafnið í Grafarvogi.

Ákveðið var að leikskólinn myndi allur vinna eitt verkefni saman og þar sem við erum grænfána leikskóli var ákveðið að verkefnið yrði unnið að öllu leiti úr endurunnu efni. Börnin sjálf ákváðu að búa til sitt eigið jólatré og tóku þau öll þátt eftir sinni getu og aldri. Vakti þetta mikla gleði hjá börnunum og sögðust þau mörg hver aldrei hafa séð eins fallegt jólatré.

Á föstudögum var sent út fréttabréf til foreldra með upplýsingum og myndum um þá vinnu sem farið hafði fram þá vikuna. Markmiðið með því var að foreldrar yrðu upplýstari um starf deildar og væru meiri þátttakendur í skólastarfi barna sinna. Í lok vetrar fékk síðan hvert barn sína eigin ferilmöppu þar sem búið var að skrá það sem barnið hafði verið að gera yfir veturinn bæði í máli og með myndum.

Einu sinni í viku átti deildin skipulagða tíma í myndlist hjá myndlistakennara, í þeim tímum var lögð áhersla á að þjálfar þau í að teikna höfuðfættu sem er fyrsta skref barnsins í að teikna síðan manneskju. Mikið er unnið með verðlaust endurunnið efni í allri listsköpun.

Frjáls leikur er mikilvægur þáttur í leik og starfi barna og er því mikilvægt að þau fá gott rými til að þjálfar sig og þroskast í gegnum frjálsan leik. Hlutverkaleikur gegnir mikilvægu hlutverki þegar þau eru að samsama sig hinum ýmsu persónum í lífinu, fara sjálf í hin ýmsu hlutverk vera mömmur, pabbar, afar, ömmur og jafnvel hin ýmsu dýr eða litla barnið í fjölskyldunni.

Segja má að veturinn hafi að stórum hluta gengið vel þó svo ekki hafi náðst að vinna í öllum þáttum umbótaáætlunar, en við tökum upp þar sem frá var horfið endurnærð næsta haust. Guðlaug Gísladóttir deildastjóri Guddumóa.

Myndir frá starfinu á Guddumóa veturinn 2020-2021.





Umbótaáætlun Guddumói.

Umbótapáttur/ Matspáttur.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráning	Ferilmappa	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Deildastjóri og aðrir starfsmenn a deildar	Allt árið		Hvert barn á sýna möppu. Börnin og starfsmenn velja það sem á að fara í möppuna bæði verk og ljósmyndir. Deildastjóri sér um skráningu.	Að hvert barn eigi fullkláraða ferilmöppu í lok annar.
Læsi	Sjónrænt skipulag, Lubbastundir, Samverustundir, ritmálið sýnilegt.	Unnið markvist allan veturinn.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Allt árið		Lubbi kemur í heimsókn í samverustund með bein. Byrjum á stafnum A, Börnin æfa sig að setja orð á hluti og	

						athafnir. Börnin merkja sitt sæti í samveru með teikningu og mynd af sér. Börnin æfa sig að sitja kyrr og hlusta þegar lesið er, sungið og spjallað.	
Lýðræði og sjálfbærni	Jól í skókassa	Unnið í samvinnu heimilis og skóla.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Septem ber	Nóvemb er	Börnin taka þátt í að útbúa skókassa annað hvort fyrir dreng eða stúlku eða bæði kynin, valið er hvaða aldur á að gefa. Ákveðnir hlutir eiga að vera í kassanum.	Að styrkja samvinnu milli heimilis og skóla.
Sjálfsþing og lýðræði	Matmálstímar. Salerni og fataklefi. Þjónar.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Allt árið		Að börnin sitji kyrr við mataborðið og æfi sig að borða snyrtilega. að börnin æfi sig að skammta sér sjálf og borði með hnífapörum. Að börnin hætti með bleiu, klæða sig sjálf úr og í fataklefanum. Börnin skiptast á að vera þjómur ná í matinn og aðstoða við að leggja á borð.	Efla þau til sjálfsþinga. Að þau verði sjálfstæðir einstaklingar. Geti farið að bjarga sér meira sjálf.
Sköpun	Efla þau til sjálfsþinga. Að þau verði sjálfstæðir einstaklingar. Geti farið að bjarga sér meira sjálf.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Allt árið.		Teikna höfuðfætlú í byrjun annar og aðra í janúar. Skapa frjálst unnið með ýmsan efnivið, þau æfa sig að gera hring. Unnið með liti og litablöndun.	Að börnin öðlist þekkingu á grun litum til að byrja með og bæta svo fleiri litum við eftir því sem líður á veturinn. Að börnin kynnist því að til eru nokkrar tegundir af formum, lögun og gerð.
Félagsfærni	Blær Læra að vera vinur Verða örugg í nærumhverfinu.	Blær Læra að vera vinur Verða örugg í nærumhverfinu.	Unnið jafnt og þétt yfir allt árið.	Allir starfsmenn deildar.		Að sýna börnunum spjöldin sem fylgja Blær. Að læra að vera í hóp, hvernig er ég góður/vinur. Læra að deila dóti og hlutum með öðrum börnum. Verði örugg á nærumhverfið, gönguferðir og smá auka þær eftir því sem líður á veturinn. Samvinnu verkefni unnið með skólahóp.	Að Blær vináttu verkefnið stuðli að meiri sjálfstæði og betri færni félagslega. Læra að koma fram við önnur börn og starfsfólk deildarinnar að virðingu. Kynnast nærumhverfinu.
Grænfáni.	Að börnin læri að flokka	Eftir þörfum.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Septem ber	April	Börnin fari með „grænu“ fótuna í lífrænu tunnuna við leikskólann og einnig pappír og mjólkur-	Að börnin læri að flokka. Að hægt sé að endurnýta suma hluti



						femur í viðeigandi tunnu, þegar þörf er á.	sem við hendum.
--	--	--	--	--	--	--	-----------------

Greinagerð Knútskots veturinn 2020-2021, árgangar 2018 og 2019.

Haustið á Knútskoti er búið að vera tími breytinga. Í upphafi annar komu í aðlögun 5 ný börn en 8 börn voru fyrir frá síðustu önn. Í byrjun október kom í aðlögun nýr drengur. 23. október fluttust fjögur elstu börnin á Knútskoti yfir á næst yngstu deildina Guddumóa og þrjú ný börn komu í aðlögun á Knútskot í desember og janúar. Vorum við því með 13 börn á deildinni í vetur.

Haustið fór í það að kynnast nýjum aðstæðum, að börnin fengju tíma til að kynnast hvert öðru og starfsfólki deildarinnar. Haustið var vel nýtt fyrir útiveru og vorum við dugleg að nota nærumhverfið fyrir göngutúra. Haustverkefni var unnið úr laufblöðum sem börnin týndu í göngutúrum sem þau fóru í með deild.

Vorum við dugleg að kynna börnunum fyrir þeim svæðum sem húsið bauð uppá og nýttum við okkur þessi svæði strax frá upphafi þá daga sem deildin átti svæðin.

Nýttum við okkur vel salinn þar sem við gátum lagt áherslu á hreyfingu yngstu barnanna.

Í heimiliskrók fengu börnin að þróa sig í hlutverkaleik. Börnunum var skipt upp í minni hópa þannig að hver og einn fengi að njóta sín betur.

Í október urðum við að fara eftir sóttvarnareglum og gátum því ekki nýtt okkur þau svæði sem staðsett voru í öðru hólfi og nýttum við því svæði inni á deild og þau svæði sem tilheyrðu okkar hólfi betur. Vorum við þá dugleg að nota deildina í að kynna fyrir þeim ljós og skugga, fara í könnunarleik og frjálsi leikurinn fékk sitt pláss.

Í samverustundum var mikið sungið, sönglög með hreyfingum voru mjög vinsæl og voru þau dugleg að taka þátt.

Vorum við með markvissa málörvun þar sem Lubbi málbein var í aðalhlutverki. (Í Lubbi finn ur málbein er unnið með íslensk málhljóð) Lubbi mætti þá á staðinn með stafinn sem vinna átti með í þeirri stund.

Á afmæli Lyngheima þann 31. október tókum við á móti Stóra Blæ, kom hann með litla Blæ sem hann afhenti öllum börnum til eigna. Farið var í það fljótlega að hvert barn fékk að útbúa hreiður fyrir sinn Blæ.

Farið var í samvinnuverkefni allra deilda á leikskólanum og ákváðu börnin að þau myndu búa til sitt eigið jólatré og þar sem leikskólinn er grænfána skóli var eingöngu notað verðlau st og endurunnið efni. Allar deildar tóku þátt í verkefninu eftir getu og aldurs hvers og eins. Allur leikskólinn var sammála um að við hefðum aldrei séð eins fallett jólatré.

Hvert og eitt barn teiknar sína höfuðfætlu, jafnt og þétt yfir veturinn og þróun in skoðuð yfir 2 ára tímabil.

Opið flæði var þar sem allar deildar tóku þátt og hver og ein deild útfærði eitthvað spennandi og börnin gátu farið á milli deilda og tekið þátt í því sem þar var í boði. s.s. ljós og skuggi, skynjun og margt fleira.

Á vorönn byrjuðum við með þjóna sem sáu um að fara með grænu fötuna eða mjólkurfernur og pappír í viðeigandi tunnu og sækja matinn.

Gerð er ferilmappa fyrir hvert og eitt barn.

Hanna Dís Guðjónsdóttir deildastjóri.



Umbótaáætlun Knútskot.

Umbótapáttur /matspáttur.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráning	Að hvert barn eigi möppu með myndum af sér og því sem það hefur gert í leikskólanum	Að kennari sé duglegur að taka myndir og skrá í ferilmöppu viðfangsefni og lærdóms ferli barnsins	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarfundir, skráning í myndum og völdum verkum barnanna	Full kláruð ferill mappa með hverju barni í lok annar.

Sköpun	Að læra litina með ýmsum aðferðum. Að börnin læri grunnlitina og öðrum litum bætt við eftir því sem líður á veturinn. Höfuðfætlan var aðalverkefnið í myndlist og tengd grunnlitunum.	Að kennarinn leggi inn litina í samverustundum, í gegnum leikinn í myndlist og frjálssa leiknum. Litavikur eru reglulega yfir veturinn.	Deildastjóri og aðrir starfsmenn deildar	Janúar	Mái Í máí verður litamánuður Hver vika á sin lit.	Deildafundur	Að í lok vorunnar þekki börnin litina og litablöndun.
Sjálfstæði og lýðræði	Að börnin læri að sitja við matarborð og borða sjálf með áhöldum.	Í Matmálstímum	Allir starfsmenn deildar.	Ágúst	Mái	Deildarfundir	Að börnin læri að borða sjálf með áhöldum.
Læsi	Að efla hlustun, orðafora og syngja með börnunum.	Að hafa ritmálið sýnilegt á deildinni. Að umhverfi barnanna styðji við máltöku og málþroska. Lestur bóka, þulur, Lubba stundir, leikur að læra.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Ágúst	Mái		Að börnin sitji hlusti á sögur og syngi með. Taki þátt í samverustundum.
Grænfánaverkefni, jólatré.	Að læra að flokka, vinna með verðalaust efni.	Eftir ávaxtastund í myndlist og leik.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Septembar	Desember	Deildafundur	Metið í janúar. Börnin vita í hvaða tunnuna pappír fer og híðið af ávöxtunum.
Heilbrigði.	Að börnin læri að þvo hendur. Að börnin æfi sig að hætta með bleyju, setjast á klósettið. Hreyfing úti og inni.	Að börnin þvoi hendur eftir klósettferðir og fyrir matmálstíma. Að börnin hafi greiðan aðgang að vatni til að drekka. Efla hreyfingu barna.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Janúar	Mái	Deildafundur	Að börnin kunni að þvo hendur sínar. Hreyfing og göngur eru inni daglegu skipulagi barnanna.
Félagsfærni.	Vináttuverkefnið blær, jóga stundir þar sem við gerum saman æfingar og slökum á.		Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Ágúst	Mái	Deildafundur	Í lok vetrar hafi börnin tengst vináttuböndum og lært að treysta hvert öðru.
Sjálfsefning.	Að börnin taki virkan þátt í skipulögðum stundum á deildinni, velji sér sjálf verkefni, treysta umhverfinu.	Að kennarinn noti virka hlustun í samskiptum við börnin. Börnin finni að rödd þeirra skipti máli.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	Ágúst	Mái	Deildafundur	Í lok vetrar hafi börnin upplifað samhug og vináttu. Byggt upp traust með góðum samskiptum.

Greinagerð listasmiðja.

Menntastefna Reykjavíkurborgar byggir á fimm grundvallarpáttum; félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Í listasmiðju er lagt mikið upp úr frjálsri og fjölbreyttri sköpun þar sem allir grunnpættirnir fléttast inn í starfið.

Covid var enn að trufla okkur þennan veturinn svo Guddumóí fékk ekki eins mikinn aðgang að listasmiðju eins og til var ætlast en Fjósaklettur og Klapparvör héldu nánast sínum tímum.

Samstarf við deildirnar gengu vel þó að ekki hafi alltaf verið hægt að vinna að þeim verkefnum sem var áætlað þar sem samkomutakmarkanir gerðu það að verkum að margar vettvangsferðir og heimsóknir á söfn féllu niður. Þrátt fyrir þennan skrítna vetur unnum við mikið og fjölbreytt starf í listasmiðju þar sem sköpunargleðin og fjölbreytileikinn fékk að njóta sín. Stundum eru stundirnar í listasmiðju skipulagðar þar sem unnið er út frá ákveðnum verkefnum en stundum eru stundirnar frjálsar og þá er það barnanna að velja hvaða verkefni þau vilja taka fyrir.

Í listasmiðju unnum nokkur verkefni sem tengjast grænfánanum og sjálfbærni. Við ræddum um rusl og mikilvægi þess að flokka það og endurnýta hluti. Við töluðum um plast og unnum þrívíddarverk úr því plasti sem við áttum til. Við saumuðum og hönnuðum margnota poka/tösku. Við gróðursettum og hönnuðum blómapotta, töluðum um grænfánann og hvað hann merkir og gerðum okkar eigin grænfána.

Klapparvör vann víkingaverkefni í listasmiðju í tengslum við heimsókn á Þjóðminjasafnið og fiska og báta í tengslum við heimsókn á Sjóminjasafnið. Útskriftarverkefnið tók svo góðan tíma enda mikið í það lagt. Í listasmiðju bjuggum við til leikbrúður úr leir og gífsi, máluðum, skreyttum og saumuðum. Leikmynd var hönnuð, teiknuð, klippt, máluð og sett upp.

Í listasmiðju teiknuðum við, lituðum og máluðum. Við prófuðum að vinna með vatnslíti, málningu, þurrkrít, tússliti, blek, vaxliti og kol. Við unnum á pappír, pappa, vatnslitapappír og striga. Við unnum standandi, sitjandi og liggjandi. Við prófuðum allskyns aðferðir við að mála, notuðum litla og stóra pensla, rúllur, stimpla, tappa og fleira sem okkur datt í hug. Við prófuðum að gera grafíkmyndir, þrykk og unnum í leir. Við lærðum að sauma, þræða, klippa, líma og hefta. Við gerðum tilraunir með liti, skoðuðum grunnliti og fórum í litablöndun. Við fórum í sögugerð og gerðum leikbrúður úr pappír á stöng og sýndum stutta leikþætti í samverustund. Við hönnuðum grímur, hús og furðukalla úr þeim efnivið sem okkur datt í hug. Við máluðum og teiknum frjálst og eftir fyrirmynd.





Anna Guðmundsdóttir verkefnastjóri sköpunar.

Ferðir skólahóps með verkefnistjóra læsis og umhverfislæsis.

Landnámssýningin - Komdu og skoðaðu landnámsdýrin.



Þjóðminjasafnið – Sýningin Þjóðminjasafn hvað er það.



Þjóðminjasafnið - Sýningin - Þjóðsögur og kynjaverur.



Þjóðminjasafnið – Drekarnir í Þjóðminjasafninu.



Ljósmyndasafn Reykjavíkur- Hvað er sýning ?



Sjóminjasafnið – Sýningin - Fiskur og fólk.



Sólveig Hólm verkefnastjóri læsis með skólahóp.

Innra mat – fjöltyngd börn.

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021.


Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar sjá um málörvun fjöltyngdra barna. Fyrirlestur frá Miðju máls og læsis fyrir foreldra og starfsmenn. Keyptar hafa verið bækur og leikfni. Keyptur var efniviður til að útbúa verkfæri til að auðvelda samskipti við börnin. Túlkaþjónusta er óspart notuð.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er markvisst með grunnorðaforða inn á deildum. Myndrænt skipulag er á deildum. Myndir af daglegum athöfnum og hlutum sem notaðir eru í daglegu lífi. Unnið er með börnin í blönduðum hópum lesið, spilað, myndir skoðaðar og talað saman. Innan skipulagi deildana er gert ráð fyrir að á markvissan hátt að gefa öllum tíma yfir daginn.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir eru 3 yfir daginn þar er lesið, sungið og talað saman. Bömunum er líka skipt í blandaða hópa þar sem lesið er skoðaðar myndir og spilað. Eru verkefni miðuð við þau börn sem eru í hópnum. Þau börn sem erfiðara eiga með að tileinka sér íslenskuna fá tíma ein með kennara þar sem unnið er með orðaforða og skilning barnanna.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notum viðmið um stöðu orðaforða og skilnings barnanna inná fölmennningarvef Reykjavíkurborgar. Orðaskil, sérkennslustjóri metur stöðuna barnanna ásamt deildarstjóra varðandi framfarir barnanna. Byrjuð er vinna við gerð einstaklingsnámskrár fyrir hvert barn svo hægt sé að halda betur utan um stöðu og framfarir barnanna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við gerð einstaklingsnámskrár er hugað að öllum þessum þáttum varðandi barnið. Oft reynast þó samskipti við foreldrana flóknari en vinnan með börnin.

Starfspróunarsamtöl og fræðsla.

- Starfspróunarsamtöl verða í október 2021 og maí 2022. Starfsmannasamtölin í vor fórum fram utandyrá. Ég bauð uppá gönguferðir og spjall aftur þetta vorið því mikil ánægja var með gönguferðirnar síðasta vor. Sólinn skein allan tíman meðan á viðtölunum stóð.

Leiðaljos viðtalanna. Starfsánægja og líðan í starfi, styrkleikar, vöxtur í starfi / fræðsla, stjórnunin og önnur mál.

- Ég notfærði mér á innri vef Reykjavíkurborgar leiðbeiningar varðandi starfspróunarsamtöl og líka punktana frá þeim frábæru starfsviðtölum sem ég sjálf fór í hjá yfirmönnum sviðsins.



Símenntun / fræðsla 2021-2022.

Símenntunaráætlun sem gerð var fyrir síðasta skólaár fór öll úr skorðum. Við náðum að fá fyrirlestur frá Kvan hópnum í september 2020. En eftir það þurftum við að breyta því plani sem gert hafði verið. Á skipulagsdegi í apríl 2021 var á plani að fara í námsferð erlendis en í stað námsferðar fengum við Eddu Björgvins til okkar með frábærann fyrirlestur um Hamingju og hómur á vinnustað, dauðans alvara. Kom næstum í stað námsferðar, en allir mjög sáttir.

Simenntunaráætlun fyrir skólaárið 2021- 2022 er skipulögð útfrá óskum starfsmanna.


Á skipulagsdegi í október 2021 er stefnt að því á fá fyrirlestur um tengslaröskun, kvíða og hegðunarvanda barna. (Þessi fyrirlestur var á dagskrá í mars 2020 og október 2021 en í ljósi aðstæðna var honum frestað í bæði skiptin.)

Á skipulagsdegi í febrúar er stefnt að því að fá fyrirlestur um kynsegin börn.

Á skipulagsdegi í apríl 2022 er stefnt að náms og kynnisferð erlendis. Ekki hefur verið ákveðið hvert verður haldið. Höfum fresta námsferð tvisvar vonandi komumst við þetta vorið.

Aðrir skipulagsdagar verða notaðir til að skipuleggja starfið á Lyngheimum.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Íþróttir. Mætt er tvisvar á vetri í íþróttatíma.	Bókasafnið í Rimaskóla heimsótt.	Dans. Elsti árgangur mætir í danstíma.	Föstudagsfjör. Elsta árgangur boðið á skemmtun í sal.	Heimsókn í 1. bekk. Stafainnlögn og nesti borðað með 1. bekk Rimaskóla.	Skoðunarferð um skólann. Skólastjóri Rimaskóla sýnir okkur skólann.
Fundir.	Samráðsfundur varðandi sameiginlega skipulagsdaga.	Að vori koma kennarar Rimaskóla og fara yfir barnahópin og niðurstöður hljóms.	Að hausti funda skólastjónendur leik og grunnskóla varðandi samstarf og skólaheimsóknir.		
Heimsóknir nemenda 1 og 7 bekkjar Rimaskóla á Lyngheima.	Í nóvember heimsækir 1. bekkur Rimaskóla Lyngheima og rifjar upp gamlar minningar.	Á degi íslenskrar tungu kemur 7. bekkur í heimsókn á Lyngheima og les/syngur fyrir börnin.	Að vori koma eldri nemendur Rimaskóla og kenna börnum Lyngheima útileiki.		

Áætlun vegna samstarfs leik og grunnskóla.

Áætlun vegna samstarfs leikskólans er unnin í samstarfi við Rimaskóla og gefin út að hausti. Foreldrar elstu barnanna í leikskólanum fá senda áætlun með tölvupósti í byrjun haustannar með dagsetningum heimsókna í Rimaskóla. Samstarfið er í föstum skorðum, mæta börnin í kennslustund, danstíma, íþróttir, á bókasafnið og heimsækja frístundaheimilið Týgrisbæ.

Erfitt var að halda áætlun varðandi heimsóknir í Rimaskóla sérstaklega framan af vetri. Gott samstarf hefur verið Rimaskóla varðandi breytingu á dagskrá heimsókna.

Markmið samstarfs leik og grunnskóla.

- Að efla samskipti og samvinnu þessara tveggja skólastiga og auðvelda þannig aðlögun nemenda af leikskólastigi yfir á grunnskólastig.
- Að draga úr kvíða leikskólanemenda sem oft fylgir því að hefja skólagöngu.

Foreldrasamvinna.

Foreldraráð.

Í foreldraráði er fjórir fulltrúar, einn frá hverri deild leikskólans. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti. Sömu fulltrúar voru í foreldraráði og á síðasta ári. Síðasta haust var ekki boðað til foreldrafundar vegna aðstæðna í þjóðfélaginu og ekki hægt að kjósa nýja fulltrúa. Að minni beiðni sátu þeir því áfram. Aðalhlutverk ráðsins er yfirlestur og umsögn um starfsáætlun og námskrár leikskólans. Samráð er líka haft við foreldraráðið varðandi sumarleyfislokun og færa þarf skipulagsdaga.

Leikskólastjóri boðar foreldraráð á fund þegar á þarf að halda. Fulltrúar ráðsins geta einnig beðið leikskólastjóra um fund ef einhver álitá mál koma upp.

Foreldrafundir.

Á næsta skólaári verða þrír foreldrafundir.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra, sem byrja með börnin sín í aðlögun 23. ágúst 2021 verður 12. ágúst 2021. Leikskólinn verður kynntur í máli og myndum, farið yfir hvernig aðlögun gengur fyrir sig og hvað þarf að hafa í huga þegar barnið byrjar á leikskólanum.

Foreldra barna af erlendum uppruna er boðið upp á einkafundi og fenginn er túlkur til að vera með á fundinum. Þetta gerum við til að allir foreldrar sem eru að byrja með barnið sitt á leikskólanum fái sömu upplýsingar varðandi leikskólann og aðlögun.

Fimmtudaginn 23. september verður haldinn stór foreldrafundur fyrir alla foreldra á leikskólanum. Vetrarstarfið verður kynnt í máli og myndu. Foreldrafélagið kynnir starf sitt og nýir fulltrúar geta boðið sig fram í stjórn foreldrafélagsins.

Foreldrafélag.

Í foreldrafélagi Lyngheima sitja tveir fulltrúar frá hverri deild leikskólans. Á haustfundi fyrir foreldra leikskólans eru kosnir nýir fulltrúar í foreldrafélagið í stað þeirra sem ekki gefa kost áfram til starfa fyrir foreldrafélagið eða eru að hætta með barnið sitt á leikskólanum. Fyrsti fundur er boðaður í byrjun október á þeim fundir skipað í stöðu formanns, ritara og gjaldkera. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum, en fastir fundir eru þrír, haustfundur, jólafundur og vorfundur.

Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum yfir árið, vorferð, sumarhátíð og piparkökudegi fyrir jólin. Foreldrafélagið hefur líka gefið okkur leiksýningar og afmælisgjafir.

Í samráði við leikskólastjóra er búið að aflýsa sumarhátíð og vorferð þetta vorið vegna samkomubanns. Vonandi getur foreldrafélagið staðið fyrir hausthátíð í staðin fyrir þá viðburði sem hefur verið ferstað.

Foreldraviðtöl.

Foreldrum/forsjáraðilum er boðið upp á eitt fast foreldraviðtal á önn við deildarstjóra. Deildarstjóri auglýsir foreldraviðtölin og gefur foreldrum tíma í viðtal. Foreldrar geta eining fengið fleiri viðtöl og verið í símasambandi við deildarstjóra eða leikskólastjóra. Á haustönn verða foreldraviðtöl í lok október 2021 og á vorönn verða foreldraviðtöl í lok mars 2022.

Á haustönn 2020 var foreldrum boðið uppá símafundi og mæltist það mjög vel fyrir. Á vorönn 2021 buðum við uppá val að koma inní leikskólann á fund eða fá símaviðtal. Sama fyrirkomulag verður á næsta skólaári.

Skipulagsdagar skólarið 2021 – 2022.

Föstudagurinn 10. september 2021.

Mánudagurinn 4. október 2021.

Föstudagurinn 19. nóvember 2021.


Föstudagurinn 10. desember ½ dagur eh 2021.

Föstudagurinn 7 janúar ½ dagur eh 2022.

Föstudagurinn 7. febrúar 2022.

Föstudagurinn 22. apríl 2022.

Mánudaginn 9. maí 2022.



Fylgiskjöl.

Umsögn foreldraráðs.

Leikskóladagatal.

Reykjavík 1. júlí 2021.

Kristín Helgadóttir leikskólastjóri Lyngheima

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Lyngheima 2021-2022

Þeir einstaklingar sem sitja í foreldraráði hafa farið yfir starfsáætlun leikskólans og greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.

Líkt og síðasta ár hefur þetta skólaár verið viðburðaríkt og litast af þeim áskorunum sem fylgdu takmörkunum á skólastarfi vegna Covid-19. Sem fyrr vann leikskólinn af fagmennsku og ávallt með hag og heilsu barnanna í leikskólanum að leiðarljósi. Á hverjum degi mættu börnunum öruggir, umhyggjusamir og brosandir kennarar sem við foreldrar erum óendanlega þakklát fyrir.

Auk faraldursins stóð leikskólinn frammi fyrir hinum ýmsu áskorunum og má þar nefna aukinn undirbúningstíma og styttingu vinnuviku. Stytting vinnuviku er flókið verkefni sem þarf að leysa og er það með öllu óskiljanlegt að auknu fjármagni sé ekki varið í þennan þátt og hvetjum við til þess að það verði endurskoðað.

Starf leikskólans einkennist af fagmennsku og alúð við þroska hvers barns fyrir sig. Hverju barni er mætt eins og það er, allir fá rými og allir fá að hafa rödd. Það er unun að fylgjast með kennurum leikskólans vinna að og þróa sífellt nýjar hugmyndir og hugsa út fyrir kassann. Börnin læra jú það sem fyrir þeim er haft og í Lyngheimum læra þau svo sannarlega gagnrýna og lausnamiðaða hugsun.

Virkilega spennandi var að fylgjast með samvinnu barnanna við að útbúa jólatré fyrir leikskólann og gaman að sjá að þessi útfærsla mæltist svo vel fyrir að áætlað er að endurtaka hana fyrir næstu jól.

Allskonar spennandi verkefni eru fram undan á næsta skólaári. Það verður gaman að fylgjast með vinnu á útikennslusvæði sem og spennandi að sjá hvert þróunar- og samstarfsverkefni við Þjóðminjasafnið leiðir. Einnig fögnum við aukinni samvinnu á milli leikskólans og heimila barnanna og við tökum fagnandi á móti bókapokum og öllum öðrum verkefnum enda eru foreldrar spenntir að taka loks fullan þátt í leikskólastarfinu eftir langan tíma takmarkana.

Leiðarljós Lyngheima, virðing, umhyggja og tillitssemi, eru vel sýnileg í starfi á öllum deildum. Í starfi leikskólans er fagmennskan í fyrirrúmi og eru Lyngheimar vel að því komnir að vera útnefndir Fyrirmyndar starfsstaður Skóla- og frístundasviðs og viljum við í foreldraráði, fyrir hönd allra foreldra barna í leikskólanum, óska kennurum skólans hjartanlega til hamingju.

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		
1	S		1	M		1	F		1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	F		1	M
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	F	Jólatré búið til	2	S		2	M		2	L		2	F
3	Þ		3	F		3	S		3	M	Jólatré skreytt	3	M		3	F		3	S		3	F
4	M		4	L		4	M	Skipulagsdagur	4	F		4	L		4	Þ		4	F		4	M
5	F	Kyningafundur fyrir nýja foreldra	5	S		5	Þ		5	F	Foreldrakaffi	5	S		5	M		5	L		5	S
6	F		6	M		6	M		6	L		6	M		6	F	Þrettándinn	6	S	Dagur leikskólans	6	S
7	L		7	Þ		7	F		7	S	Jóla­kaffihús	7	F	Skipulagsdagur 1/2 eh	7	M		7	Skipulagsdagur	7	M	
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F		8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M		8	L		8	Þ		8	Þ
9	M		9	F		9	L		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	M
10	Þ		10	F	Skipulagsdagur	10	S		10	M		10	F	Skipulagsdagur 1/2 eh	10	M		10	F		10	F
11	M		11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F	Dagur íslenska tákn­málsins	11	F
12	F		12	S		12	Þ		12	F		12	S		12	M		12	L		12	L
13	F		13	M	Vetrastarf byrjar	13	M		13	L		13	M		13	F		13	S		13	S
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ	Jóla­ball	14	F		14	M	Bolludagur	14	M
15	S		15	M		15	F		15	M		15	M		15	L		15	Þ	Sprengidagur	15	Þ
16	M		16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu	16	F		16	S		16	M		16	M
17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	F		17	M		17	F		17	F
18	M		18	L		18	M		18	F		18	L		18	Þ		18	F	Konudagskaffi	18	F
19	F		19	S		19	Þ		19	F	Skipulagsdagur	19	S		19	M		19	L		19	L
20	F		20	M		20	M		20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ	Bóndadags kaffi.	21	M		21	M		21	M
22	S		22	M		22	F		22	M		22	M		22	L		22	Þ		22	Þ
23	M	Aðlögun hefst.	23	F	Stór foreldrafundur.	23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M
24	Þ		24	F		24	S		24	M		24	F	Aðfangadagur jóla	24	M		24	F		24	F
25	M		25	L		25	M	Foreldraviðtöl	25	F		25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F		25	F
26	F		26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ	Foreldraviðtöl	26	F	Jóla­leikrit	26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L
27	F		27	M		27	M	Foreldraviðtöl	27	L		27	M		27	F		27	S		27	S
28	L		28	Þ		28	F	Foreldraviðtöl	28	S		28	Þ		28	F		28	M		28	M
29	S		29	M		29	F	Foreldraviðtöl	29	M		29	M		29	L					29	Þ
30	M		30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S					30	M
31	Þ				31	S			31	F	Gamlársdagur	31	M					31	F			

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.